

AFKOMA ARION BANKA ÁRIÐ 2013

Hagnaður Arion banka á árinu 2013 nam 12,7 milljörðum króna eftir skatta samanbórið við 17,1 milljarð króna árið 2012. Arðsemi eigin fjár var 9,2% samanbórið við 13,8% árið 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 10,5% en var 11,4% árið 2012. Heildareignir námu 938,9 milljörðum króna samanbórið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012. Ný útlán jukust um 60% milli ára og námu tæplega 120 milljörðum króna á árinu. Útlán til viðskiptavina aukast um 12% milli ára, einkum vegna nýrra lána tengdum uppgjöri á Drómaskuldabréfi og námu í árslok 636 milljörðum króna, samanbórið við 567 milljarða króna í árslok 2012. Arion banki hefur dregið úr áhættu í rekstri með aukinni langtímafjármögnun og hækkuðu hlutfalli lána til einstaklinga, en þau námu í árslok tæpum 49% af heildarlánum til viðskiptavina. Ársreikningur samstæðu Arion banka er endurskoðaður af endurskoðendum bankans, Ernst & Young ehf.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 2,5 milljörðum króna sem er sami hagnaður og á sama tímabili árið 2012. Arðsemi eigin fjár á fjórða ársfjórðungi var 7,4% samanbórið við 8,2% á sama ársfjórðungi árið 2012 og arðsemi af kjarnastarfsemi nam 7,7% en var 7,9% á fjórða ársfjórðungi ársins 2012.

Eiginfjárlutfall bankans í árslok var 23,6% en var 24,3% í árslok 2012.

Helstu atriði ársreikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 12,7 ma.kr. samanbórið við 17,1 ma.kr. árið 2012.
- Hagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 2,5 mö.kr., sami hagnaður og á fjórða ársfjórðungi ársins 2012.
- Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 11,5 mö.kr. samanbórið við 13,5 ma.kr. árið 2012.
- Rekstrartekjur lækka milli ára og námu 44,3 mö.kr. samanbórið við 49,5 ma.kr. árið 2012. Helstu ástæður eru lægri vaxtamunur, gengistap vegna styrkingar krónunnar auk þess sem aðrar tekjur eru lægri vegna minni virðisbreytinga eigna.
- Hreinar vaxtatekjur námu 23,8 mö.kr. og eru nokkru lægri en árið 2012, einkum vegna hærri fjármagnskostnaðar og lægri verðbólgu.
- Hrein virðisbreyting á árinu er neikvæð um 680 m.kr. Hrein virðisbreyting útlána var jákvæð sem nemur 159 m.kr. en á móti kemur gjaldfærsla vegna ófnislegra eigna upp á 839 m.kr.
- Arðsemi eigin fjár var 9,2% en var 13,8% árið 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 10,5% samanbórið við 11,4% árið 2012.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 2,9% á árinu en var 3,4% árið 2012.
- Kostnaðarhlutfall á tímabilinu var 57,3% en var 49,8% á árinu 2012. Hátt hlutfall nú skýrist að mestu af lækkun á rekstrartekjum, einkum hreinum vaxtatekjum. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 61,2% samanbórið við 55,5% árið 2012.
- Tekju- og bankaskattar námu samtals 6,0 mö.kr. samanbórið við 4,7 ma.kr. árinu 2012. Aukning var 1,3 ma.kr. þrátt fyrir lægri afkomu samstæðunnar.
- Lán til viðskiptavina í lok ársins námu 635,8 mö.kr. og hafa aukist um 12% frá árslokum 2012, einkum vegna nýrra lána sem bankinn tók yfir í tengslum við samning milli Arion banka og Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ) um uppgjör á skuldabréfi útgefnu af Dróma hf. árið 2009 í tengslum við flutning innlána SPRON til Arion banka.
- Heildareignir námu 938,9 mö.kr., samanbórið við 900,7 ma.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé bankans í lok ársins var 144,9 ma.kr. en nam 130,9 mö.kr. í lok árs 2012.



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

Kjarnastarfsemi Arion banka á árinu 2013 er stöðug, traust og í samræmi við áætlanir. Arðsemin er 9,2% sem er viðunandi, í ljósi stórhækkaðs bankaskatts, og eiginfjárlutfallið sterkt, 23,6%. Við sjáum umtalsverða aukningu í eftirspurn eftir grunnþjónustu bankans. Þannig uxu ný útlán á árinu 2013 um 60% borið saman við fyrra ár og námu tæpum 120 milljörðum króna.

Vel hefur gengið að færa efnahag bankans að þeirri mynd er stefnt hefur verið að. Lán til einstaklinga hafa aukist hlutfallslega mjög mikið á liðnum árum en unnið hefur verið markvisst í þá átt innan bankans. Árið 2010 var hlutfall einstaklingslána um 25% af heildarútlánum en er nú um 50%. Stórir áfangar í þessari vinnu voru kaup á íbúðalánasafni Kaupþings árið 2011 og svo nú í árslok 2013 yfirtaka á einstaklingslánaöfnum frá ESI, þar á meðal Drómasafninu svokallaða. Á sama tíma hefur hlutdeild bankans í nýjum útlánum á íbúðalánamarkaði aukist verulega enda hefur bankinn verið í forystuhlutverki á þeim markaði. Markmið okkar hefur verið lánabók í jafnvægi með lægra áhættustigi – heppileg blanda af einstaklings og fyrirtækjaútlánum. Þessi breyting endurspeglast svo m.a. í lægri vaxtamun sem mælist 2,9% á árinu 2013.

Þótt dregið hafi nokkuð úr, þá hafa einskiptisatburðir og virðisbreytingar eigna umtalsverð áhrif á rekstur bankans. Þannig er arðsemi reglulegrar starfsemi nokkuð hærri en arðsemi bankans að teknu tilliti til slíkra þátta, eða um 10,5%. Undirliggjandi rekstur bankans er góður en við stefnum að því að gera enn betur.

Stórkostleg aukning á opinberum álögum setur mark á uppgjörið. Vegna rekstrar ársins 2013 greiðir Arion banki um 6,6 milljarða króna í skatta og þar af tæpa 2,9 milljarða vegna bankaskatts, sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki sem stjórnvöld margfölduðu undir lok árs 2013 til að fjármagna áform um skuldaleiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána. Bankaskatturinn leggst á skuldir fjármálafyrirtækja, sem fyrst og fremst eru innlán einstaklinga og fyrirtækja. Gera verður ráð fyrir að aðgerðir sem eru þetta íþyngjandi hafi áhrif á starfsemi og þjónustu fjármálafyrirtækja. Þetta er að miklu leyti skattur á innlán og mun sem slíkur hafa neikvæð áhrif á þau kjör og þjónustu sem fjármálafyrirtæki geta boðið viðskiptavinum sínum.

Við munum áfram vinna í tækifærum til hagræðingar og styrkja bankann í samkeppni um viðskiptavinum. Við horfum til viðmóts grunnþjónustu; útibúa okkar, netbanka og appsins. Breytingar munu taka mið af óskum og þörfum okkar viðskiptavina. Við munum fjölga valkostum, auka skilvirkni, hafa gjaldtöku sanngjarna og byggja upp viðskiptasambönd til lengri tíma. Opnun nýrrar þjónustumiðstöðvar í Borgartúni 18, um mitt þetta ár, verður mikilvægur liður í þessari þróun.

Mikill árangur hefur náðst við uppbyggingu bankans á undanförunum árum, árangur sem við erum stolt af og eftir er tekið. Á árinu 2013 sótti Arion banki sér erlenda fjármögnun fyrstur íslenskra banka frá árinu 2007. Um 60 fjárfestar frá ýmsum löndum keyptu skuldabréf bankans sem útgefið var í norskum krónum. Nýverið varð Arion banki svo fyrsti bankinn hér á landi í riflega fimm ár til að fá lánshæfismat frá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki, Standard og Poor's. Lánshæfismatið er BB+, aðeins einu þrepi undir lánshæfismati íslenska ríkisins. Það var einnig ánægjulegt þegar fagtímaritið The Banker, sem er útgefið af The Financial Times, valdi undir lok síðasta árs Arion banka sem banka ársins á Íslandi árið 2013. Það sem var ekki síst eftirtektarvert var að þetta var í fyrsta sinn síðan 2007 sem tímaritið sá ástæðu til að veita íslenskum banka slíka nafnbót. Af þessu erum við sem störfum hjá Arion banka stolt.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.




Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	2013	2012	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	23.800	27.142	-3.342	-12%
Hreinar þóknatekjur	11.223	10.748	475	4%
Hreinar fjármunatekjur	3.441	583	2.858	490%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	-1.766	1.434	-3.200	-
Aðrar rekstrartekjur	7.650	9.595	-1.945	-20%
Rekstrartekjur	44.348	49.502	-5.154	-10%
Laun og launatengd gjöld	-13.537	-12.459	-1.078	9%
Annar rekstrarkostnaður	-11.858	-12.209	351	-3%
Hrein virðisbreyting	-680	-4.690	4.010	-86%
Hagnaður fyrir skatta	18.273	20.144	-1.871	-9%
Tekjuskattur	-3.143	-3.633	490	-13%
Bankaskattur	-2.872	-1.062	-1.810	170%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	12.258	15.449	-3.191	-21%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	399	1.607	-1.208	-75%
Hagnaður ársins	12.657	17.056	-4.399	-26%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 44.348 milljónum króna árið 2013 og eru 5.154 milljónum króna lægri en árið 2012. Lækkunin er fyrst og fremst tilkomin vegna lægri vaxtamunar og lægri annarra rekstrartekna.

Hreinar vaxtatekjur á árinu námu 23.800 milljónum króna, samanborið við 27.142 milljónir króna árið 2012. Lækkunin milli ára er ríflega þrjú milljarðar króna og skýrist einkum af lægri verðbólgu og hærri vaxtagjöldum af fjármögnun, bæði af bundnum innlánnum og nýrri lántöku, innanlands sem utan. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á árinu en var 3,4% árið 2012. Þróun vaxtamunar hjá samstæðunni hefur verið nokkuð í takt við verðbólgu en einnig hefur samsetning vaxtaberandi eigna og skulda nokkur áhrif. Horft fram á veginn telur bankinn að vaxtamunur vaxtaberandi eigna og skulda muni verða í kringum 3% við eðlilegar aðstæður.



Hreinar þóknatekjur aukast lítillega milli ára og námu 11.223 milljónum króna samanborið við 10.748 milljónir króna árið 2012. Veruleg aukning þóknatekna hefur orðið í eignastýringu og fjárfestingabankastarfsemi en tekjur af kortum og lánveitingum lækka nokkuð milli ára.

Hreinar fjármunatekjur námu 3.441 milljón króna á árinu 2013 samanborið við 583 milljónir króna árið 2012. Tekjurnar eru að meirihluta af hlutabréfaeign samstæðunnar en skuldabréfaeign skilar einnig nokkrum tekjum. Hagstæðar markaðsaðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði á árinu skýra þessar miklu breytingar milli ára.

Hreint gengistap nam 1.766 milljónum króna árið 2013 samanborið við 1.434 milljóna króna gengishagnað árið 2012. Nettó gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar nam 31,6 milljörðum króna í lok ársins sem felur í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Gjalddeyrisjöfnuður móðurfélagsins er nokkuð innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur. Það er stefna bankans að vera með góða lausafjárstöðu í gjaldeyri en þróun gengis á liðnum misserum gerir það að verkum að sú stefna leiðir til gengistaps á árinu.



Aðrar rekstrartekjur námu 7.650 milljónum króna á árinu 2013 samanborið við 9.595 milljónir króna árið 2012. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar, virðisbreyting hlutdeildarfélaganna í eigu Eignabjargs og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líffryggingum, en öll þessi félög eru dótturfélög bankans. Virðisbreytingar og söluhagnaður fjárfestingareigna og hlutdeildarfélaganna eru lægri árið 2013 en 2012 sem skýrir að mestu lækkunina milli ára í öðrum rekstrartekjum.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á árinu 2013 nam 25.395 milljónum króna og hækkaði um 727 milljónir króna frá árinu 2012 eða um 2,9%. Meðal rekstrarkostnaðar er 500 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor og staðfest hefur verið af áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Meðal rekstrarkostnaðar ársins er 600 milljóna króna niðurfærsla fasteigna og hugbúnaðar sem er í notkun hjá bankanum. Á móti kemur lækkun á rekstrarkostnaði ársins vegna bakfærslu á færðri varúðarniðurfærslu vegna málaferla gegn Stefni. Kostnaðarhlutfall hækkar í 57,3% á árinu en var 49,8% árið 2012. Kostnaður sem hlutfall af eignum á árinu 2013 nam 2,8% sem er það sama og á árinu 2012. Kostnaðarhlutfallið er mjög litað af lækkuðum rekstrartekjum m.a. vegna lægri hreinna vaxtatekna á árinu og gjaldfærslu fyrrnefnds húsnæðis og hugbúnaðar.

Laun og launatengd gjöld námu 13.537 milljónum króna á árinu samanborið við 12.459 milljónir króna árið 2012. Stöðugildi árið 2013 voru að meðaltali 1.159 samanborið við 1.166 árið 2012. Reiknuð meðallaun út frá gjaldfærðum launakostnaði hafa hækkað um 8,2% sem er 2,5% yfir þróun launavísitölu milli ára, sem hefur hækkað um 5,7%. Sú umfrámhækkun er að hluta tilkomin vegna kaupaukakerfis sem komið var á fót á árinu. Kerfið er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins og getur kaupaukinn að hámarki numið 25% af heildarlaunum starfsmanns. Koma 40% kaupaukans ekki til útborgunar fyrr en að þremur árum liðnum. Ríflega hundrað starfsmenn eru hluti af kerfinu og var áætlaður heildarkostnaður, laun og tengd gjöld, 494 milljónir króna gjaldfærður á árinu 2013.

Annar rekstrarkostnaður nam 11.858 milljónum króna á árinu 2013 samanborið við 12.209 milljónir króna árið 2012. Lækkunin nemur 351 milljón króna og skýrist að stórum hluta af bakfærðri gjaldfærslu vegna málaferla hjá dótturfélaginu Stefni á árinu 2013, sem gjaldfærð var 2012. Almenn má segja að annar rekstrarkostnaður sé í takt við væntingar.

Hrein virðisbreyting skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða virðishækkun á lánum upp á 9.099 milljónir króna, sem einkum er vegna lána til stærri fyrirtækja. Í öðru lagi er virðisrýrnun vegna útlána 8.940 milljónir króna á árinu. Sú virðisrýrnun er einkum vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla og annarra lána til einstaklinga og minni fyrirtækja. Í þriðja lagi var færð virðisrýrnun vegna óefnislegra eigna sem tengist eignarhlut bankans í dótturfyrirtækinu Valitor að fjárhæð 839 milljónir króna.




Skattar

Tekjuskattur nam 3.143 milljónum króna samanborið við 3.633 milljónir króna árið 2012. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er nokkru lægra en árið 2012, er 17,2% árið 2013 en var 18,0% árið 2012.

Bankaskattur nam 2.872 milljónum króna samanborið við 1.062 milljónir króna árið 2012. Hækkunin milli ára skýrist af hækkun á skatthlutfalli úr 0,1285% árið 2012 í 0,376% en það skatthlutfall var samþykkt á Alþingi undir lok árs 2013 og verður hluti innheimts skatts nýttur til skuldaleiðréttingar.

Skattumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur verið mjög óstöðugt á síðustu árum og skattbyrði verið aukin mikið eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Nýir skattar, sem eingöngu hafa verið lagðir á fjármálafyrirtæki, vega sífellt meira í rekstri fyrirtækjanna og samanburður við aðrar atvinnugreinar er vegna þessa óraunhæfur.

Þróun skatta 2010-2013 (m.kr.)



Aflögð starfsemi

Hreinar tekjur af aflagðri starfsemi námu 399 milljónum króna samanborið við 1.607 milljónir króna árið 2012. Árið 2012 varð söluhagnaður af sölu á eignarhlut í Högum sem og af sölu á eignarhlut bankans í N1. Á árinu 2013 hafði sala eigna óveruleg áhrif og varð hagnaður af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans óverulegur.



Fjórði ársfjórðungur 2013

Afkoma fjórða ársfjórðungs 2013 litaðist mjög af hækkun bankaskatts, sem ákveðin var á síðustu dögum ársins 2013. Skatturinn, sem reiknast á skuldir fjármálafyrirtækja, var ákveðinn 0,376% en hafði skv. lögum verið 0,041% fram að því. Einnig höfðu virðisbreytingar eigna nokkur áhrif, þ.e. ófniðslegra eigna, fjárfestingareigna og hlutdeildarfélaganna. Arðsemi eigin fjár var 7,4% samanborið við 8,2% arðsemi á fjórða ársfjórðungi 2012.

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	4. fjórð. '13	4. fjórð. '12	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	5.487	7.008	-1.521	-22%
Hreinar þóknatekjur	2.939	2.695	244	9%
Hreinar fjármunatekjur	1.452	92	1.360	1478%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	-731	875	-1.606	-
Aðrar rekstrartekjur	3.615	4.952	-1.337	-27%
Rekstrartekjur	12.762	15.622	-2.860	-18%
Laun og launatengd gjöld	-4.098	-3.646	-452	12%
Annar rekstrarkostnaður	-3.114	-4.148	1.034	-25%
Hrein virðisbreyting	-561	-5.169	4.608	-89%
Hagnaður fyrir skatta	4.989	2.659	2.330	88%
Tekjuskattur	-292	-258	-34	13%
Bankaskattur	-2.572	-291	-2.281	784%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2.125	2.110	15	1%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	402	409	-7	-2%
Hagnaður tímabilsins	2.527	2.519	8	0%

Rekstrartekjur á fjórða ársfjórðungi lækka um 18% eða um 2.860 milljónir króna milli ára og liggur ríflega helmingur lækkunarinnar í lækkun á hreinum vaxtatekjum. Þóknatekjur hækka lítillega milli ára og hreinar fjármunatekjur hækka verulega en á móti kemur að gengistap varð á fjórða ársfjórðungi 2013 af gjaldmiðlastöðu samstæðunnar samanborið við góðan gengishagnað á sama tímabili 2012. Aðrar rekstrartekjur eru nokkru lægri, vegna minni virðisbreytinga á fjárfestingareignum og hlutdeildarfélögum en var á sama tímabili 2012.

Rekstrarkostnaður í heild er nokkru lægri nú en á fjórða ársfjórðungi 2012. Launakostnaður hefur hækkað nokkuð frá fyrra ári, einkum vegna samningsbundinna hækkunar launa, gjaldfærslu vegna hvatakerfis og hækkunar á prósentu fjársýsluskatts upp á 1,3% frá fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður hefur lækkað verulega, einkum vegna bakfærslu á niðurfærslu vegna málskostnaðar. Annars er rekstrarkostnaður almennt í samræmi við áætlanir.




Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir	31.12.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.12.2011	Breyt.%
<i>Í milljónum króna</i>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	37.999	29.746	28%	29.200	30%
Lán og kröfur til lánastofnana	102.307	101.011	1%	69.103	48%
Lán og kröfur til viðskiptavina	635.774	566.610	12%	561.550	13%
Verðbréfaeign	86.541	137.800	-37%	157.659	-45%
Fjárfestingareignir	28.523	28.919	-1%	27.100	5%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	10.046	11.923	-16%	23.886	-58%
Aðrar eignir	37.660	24.666	53%	23.623	59%
Eignir samtals	938.850	900.675	4%	892.121	5%

Heildareignir samstæðu Arion banka námu 938.850 milljónum króna í lok ársins samanborið við 900.675 milljónir króna í árslok 2012, sem er nálægt hækkun á verðlagi ársins. Breytingar á einstökum eignaflokkum á árinu eru einkum vegna uppgjors á Drómaskuldabréfinu þar sem bankinn fékk lán til einstaklinga í stað þess skuldabréfs sem bankinn fékk árið 2009 er innlán SPRON fluttust til Arion banka. Þá hefur lausafjárstaða bankans batnað á árinu 2013 sem birtist í auknum innstæðum hjá Seðlabanka og aukinni skuldabréfaeign, að teknu tilliti til uppgjors Dróma skuldabréfsins.

Lán og kröfur til viðskiptavina

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 635.774 milljónum króna í árslok 2013 samanborið við 566.610 milljónir króna í lok árs 2012. Lán til einstaklinga upp á 50 milljarða króna bættust við undir lok ársins þegar gengið var frá uppgjöri á Dróma skuldabréfinu. Nýjar lánveitingar á árinu 2013 voru um 60% meiri en á árinu 2012 en einnig uppgreiðslur lána, sem verður til þess að lánabók bankans eykst nær eingöngu um hin nýju útlán í tengslum við uppgjors á Drómabréfi milli Arion banka og ESÍ. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu lánabókarinnar eftir atvinnugreinum í prósentum.





Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 86.541 milljónum króna í árslok samanborið við 137.800 milljónir króna í lok árs 2012.

Verðbréfaeign					
Í milljörðum króna	31.12.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.12.2011	Breyt.%
Skuldabréf	62.171	117.730	-47%	140.568	-56%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	17.449	16.844	4%	14.045	24%
Afleiðusamningar	1.070	788	36%	674	59%
Verðbréf til áhættuvarna	5.851	2.438	140%	2.372	147%
Verðbréf samtals	86.541	137.800	-37%	157.659	-45%

Nokkrar breytingar voru í þessum eignaflokki á árinu, einkum vegna uppgjörs Drómaskuldabréfsins sem nam um 70 milljörðum króna. Á móti hefur bankinn aukið lausafjáreignir sínar í formi skráðra skuldabréfa, bæði innlendra og erlendra. Þá hefur vægi afleiðusamninga og verðbréfa sem keypt hafa verið til áhættuvarna vegna þeirra aukist nokkuð milli ára.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 10.046 milljónum króna í árslok 2013 samanborið við 11.923 milljónir króna í lok árs 2012. Lækkunin er einkum tilkomin vegna sölu á Fram foods Íslandi hf. og nokkrar stórar fasteignir hafa jafnframt verið seldar. Helstu eignir undir þessum flokki eru fasteignir og eignarhlutir í félögum sem hafa verið yfirtekin af bankanum í tengslum við uppgjör á lánum viðskiptavina.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	31.12.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.12.2011	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	28.000	32.990	-15%	16.160	73%
Innlán frá viðskiptavinum	471.866	448.683	5%	489.995	-4%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	567	1.769	-68%	4.950	-89%
Fjárskuldir á gangvirði	8.960	13.465	-33%	4.907	83%
Aðrar skuldir	48.024	43.585	10%	42.243	14%
Lántaka	204.568	195.085	5%	187.203	9%
Víkjandi lántaka	31.918	34.220	-7%	32.105	-1%
Eigið fé	144.947	130.878	11%	114.558	27%
Skuldir og eigið fé samtals	938.850	900.675	4%	892.121	5%


Heildarskuldir námu 793.903 milljónum króna í lok árs 2013 samanborið við 769.797 milljónir króna í lok ársins 2012. Ástæðu hækkunar má einkum rekja til skuldabréfaútgáfu, héraendis og erlendis, á árinu 2013 en einnig hafa innlán aukist nokkuð.



Innlán

Heildarinlán námu 499.866 milljónum króna í lok ársins samanborið við 481.673 milljónir króna í árslok 2012. Allt frá stofnun Arion banka í október 2008 hafa innlán verið kjölfestan í fjármögnun bankans. Nokkrar sveiflur hafa verið í þróun innlána eftir því hvaða aðrir fjárfestingakostir hafa verið í boði á hverjum tíma en í gjaldeyrishöftum og óvissu efnahagssumhverfi hafa fagfjárfestar leitað í afurðir sem þeir höfðu ekki litið til áður nema í litlum mæli, meðal annars innlána. Innlán hafa síðustu árin verið í sögulegu hámarki í bankakerfinu. Markvisst hefur verið unnið að bindingu innlána hjá bankanum til að tryggja betur fjármögnun hans og í árslok 2013 nam hlutfall bundinna innlána af heildarinnlánum 47% en var 42% í árslok 2012 og 23% í árslok 2011.

Hlutfall bundinna og óbundinna innlána



Lántaka

Lántaka bankans nam 204.568 milljónum króna í árslok 2013 samanborið við 195.085 milljónir króna í lok árs 2012. Hækkunin skýrist að mestu af því að á árinu gaf bankinn út 6,3 milljarða króna í verðtryggðum og óverðtryggðum sértryggðum skuldabréfum sem eru skráð á NASDAQ OMX Íslandi og 500 milljónir norskra króna (um 11 milljarða íslenskra króna) í skuldabréfum sem voru seld erlendum fjárfestum og hafa verið skráð í kauphöllina í Osló. Lækkun hefur komið á móti vegna styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum og afborgunum af langtímaskuldum. Í byrjun árs 2014 fékk bankinn lánshæfiseinkunn frá alþjóðlega lánshæfisfyrirtækinu Standard & Poor's, fyrstur íslenskra banka í ríflega fimm ár. Einkunnin er BB+ og mun þetta lánshæfismat auka möguleika bankans á lánsfjármörkuðum á næstu misserum, bæði innanlands og utan.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 31.918 milljónum króna í árslok 2013 samanborið við 34.220 milljónir króna í árslok 2012. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 144.947 milljónum króna í lok ársins 2013 samanborið við 130.878 milljónir króna í lok ársins 2012. Breytingin er nánast öll vegna afkomu ársins 2013. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 23,6% í lok ársins en lögbundið lágmark er 8%. Eiginfjárhlutfall í árslok 2012 nam 24,3% en lækkunin tengist uppgjöri á Drómaskuldabréfinu sem var með skaðleysisfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytis en í stað þeirrar eignar komu lán til einstaklinga sem eru með hærri áhættuvog.



Kennitöluyfirlit

Kennitölur

	2013	2012	2011
Arðsemi eigin fjár	9,2%	13,8%	10,5%
Arðsemi eigna	1,4%	1,9%	1,4%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,4%	3,4%
Vaxtamunur á heildareignir	2,6%	3,1%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	57,3%	49,8%	52,5%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,8%	2,8%	2,7%
Virkur tekjuskattur	17,2%	18,0%	17,0%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	23,6%	24,3%	21,2%
Tier 1 hlutfall	19,2%	19,1%	16,4%
Vandræðalán	6,3%	12,5%	15,8%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	76,8%	73,0%	74,5%
Útlán sem hlutfall af innlánum	134,7%	126,3%	114,6%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.159	1.166	1.217
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.145	1.190	1.158
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	923	927	928
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	911	949	858

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Aðalfundur 2014	20. mars 2014
Árshlutauppgjör 1F	21. maí 2014
Árshlutauppgjör 2F	27. ágúst 2014
Árshlutauppgjör 3F	20. nóvember 2014

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.